

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingar í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlunum:

1. *Djáknavegur í Úthlíð Biskupstungum, breyting á deiliskipulagi.*  
Breytingin felst í að á svæði sem áður var áætlað fyrir heilsuhótel eða 8-10 sumar- bústaði verða nú staðsettar 21 frístundalóðir. Samþykkt í sveitarstjórn 13. janúar 2004.
2. *Miðsvæði Laugaráss í Biskupstungum, deiliskipulag.*  
Deiliskipulagið nær til miðsvæðis Laugaráss sem er þegar byggður að hluta en í til- lögunni eru markaðar lóðir og byggingarreitur og settir fram skipulags- og bygginga- skilmálar. Samþykkt í sveitarstjórn 4. febrúar 2004.
3. *Birkilundur 2 í landi Miðfells í Þingvallasveit, deiliskipulag frístundalóðar.*  
Í deiliskipulaginu er markaður byggingarreitur fyrir allt að 60 m<sup>2</sup> timburhús. Mænis- hæð skal ekki vera meiri en 5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 16. nóvember 2004.
4. *Gistiheimilið Brattholti í Biskupstungum breyting á deiliskipulagi.*  
Breytingin felst í að mörk deiliskipulagssvæðisins stækka til norðurs og lóð gisti- heimilisins stækkar og verður 2,1 ha. Aðkoma breytist lítillega. Samþykkt í sveitar- stjórn 7. febrúar 2006.
5. *Holt úr landi Holtakots í Biskupstungum, deiliskipulag lögbylis.*  
Deiliskipulagið felst í að gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, hámarksstærð 300 m<sup>2</sup> og hámarkshæð tvær hæðir. Fyrirhugað er að stunda hrossarékt og trjárékt á landinu og reisa hesthús, hlöðu og vélageymslu. Heimilt er að gera reiðvöll sunnan við hesthús. Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2006.
6. *Brattholt í Biskupstungum, deiliskipulag þjónustuhúss og söluskála.*  
Í deiliskipulaginu felst að lóð söluskála verður 7.500 m<sup>2</sup> og byggingarreitur 1.600 m<sup>2</sup>. Hús skulu vera með svipuðu sniði og þau hús sem fyrir eru. Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2006.
7. *Reykholt í Biskupstungum, deiliskipulag íbúðabyggðar við Hveratungu.*  
Deiliskipulagið nær til 7 ha svæðis. Gert er ráð fyrir 73 lóðum fyrir íbúðarhús, 33 einbýlishúsalóðir, 16 parhúsalóðir og 24 raðhúsalóðir. Lágmarksstærð húsa er 100 m<sup>2</sup> án bílageymslu. Hús skulu vera 1 – 1½ hæð, heimild er fyrir kjallara og risi. Jafn- framt er gert ráð fyrir 1.500 m<sup>2</sup> leikvelli innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2006.

8. *Fell í Biskupstungum, deiliskipulag frístundabyggðar í Holtahverfi.*

Í tillögunni er gert ráð fyrir 27 nýjum frístundalóðum. Lóðirnar eru frá 5.600 m<sup>2</sup> til 10.400 m<sup>2</sup> að stærð. Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. júní 2006.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006